

**Niðurstöður aðalfundar Marel Food Systems hf.  
haldinn í höfuðstöðvum félagsins, Austurhrauni 9, Garðabæ.  
Þriðjudaginn 10. mars 2009**

1. Ársreikningur og skýrsla stjórnar voru samþykkt samhljóða
2. Lögð fram og samþykkt tillaga um að greiða ekki út arð vegna reikningsársins 2008.
3. Tillaga að starfskjarastefnu skv. 79. gr. a. hlutafélagalaga staðfest.
4. Samþykkt tillaga um að stjórnarlaun vegna ársins 2009 lækki að meðaltali um 20% og verði sem hér segir:
  - Stjórnarformaður 4.000 evrur á mánuði.
  - Varaformaður fær 2.400 evrur á mánuði.
  - Stjórnarmenn fá 1.600 evrur hver á mánuði.
  - Stjórnarlaun eru greidd 15. hvers mánaðar.
5. Eftirtaldir voru kosnir í stjórn félagsins til næsta aðalfundar:
  - Arnar Þór Másson
  - Árni Oddur Þórðarson
  - Friðrik Jóhannsson
  - Helgi Magnússon
  - Lars Grundtvig
  - Margrét JónsdóttirStjórnin skipti með sér verkum að loknum aðalfundi:
  - Árni Oddur Þórðarson er stjórnarformaður
  - Friðrik Jóhannsson er varaformaður
6. Endurskoðandafélag Marel Food Systems hf til næsta árs verður KPMG hf.
7. Lagðar fram og samþykktar voru breytingar á eftirtöldum greinum samþykta félagsins:
  - Grein 2.2
    - Hver hlutur er ein evra. Hluturinn skal þó vera ein króna þar til skráningu hlutafjár hefur verið breytt í evrur.
  - Ný grein 15.3
    - Stjórn félagsins er heimilt að gefa út jöfnunarhluti á yfirstandandi reikningsári þannig að hlutafé félagsins verði allt að fimmfaldað. Þannig má hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 2.321.201.248, eða um samsvarandi fjárhæð í evrum hafi hlutafé félagsins verið breytt í evrur, áður en heimild þessi er nýtt. Skal þá skiptigengið vera það sama og gildi við breytingu hlutafjárins í evrur.

## Grein 15.2

Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 240.000.000 að nafnvirði eða samsvarandi fjárhæð í evrum hafi hlutafé félagsins verið skráð í þeirri mynt þegar heimildin er nýtt. Kaupgengi hlutanna og söluskilmálar hlutanna skulu vera nánar ákveðnir af stjórn félagsins. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög enda sé kaupgengi nýrra hluta eigi lægra en 10% undir skráðu meðalgengi bréfa félagsins fjórum vikum áður en sala fer fram. Stjórn félagsins er þó heimilt að veita einstökum hluthöfum á hverjum tíma heimild til að skrá sig fyrir nýjum hlutum að hluta eða öllu leyti. Engar hömlur eru á viðskiptum með hina nýju hluti. Þessir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Stjórn félagsins er falið að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Heimild þessi gildir til í 3 ár frá samþykkt hennar að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.

8. Lögð fram og samþykkt tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutafé félagsins.

Tillagan var svohljóðandi:

Félaginu er heimilt, í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, að kaupa allt að 10% af eigin hlutafé á gengi sem sé ekki hærra en 10% yfir og ekki lægra en 10% undir skráðu meðalgengi bréfa félagsins tveimur vikum á undan kaupunum.

Heimild þessi gildir í næstu 18 mánuði. Eldri heimildir falla jafnframt niður.

## **Samþykkt tillaga um starfskjarastefnu félagsins**

### **1. gr. Tilgangur**

Starfskjarastefna Marel Food Systems hf. miðar að því að Marel Food Systems hf. og dótturfélög þess séu samkeppnishæf og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk sem nauðsynlegt er til uppfylla framtíðarsýn fyrirtækisins á alþjóðamarkaði. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra og stjórnenda Marel Food Systems hf. Hjá félaginu starfar starfskjaranefnd, sem í sitja þrír stjórnarmenn.

### **2. gr. Starfskjör stjórnarmanna**

Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. a laga um hlutafélög. Gerir stjórnin tillögu um þóknunina fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnum taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir, og afkomu félagsins.

### **3. gr. Starfskjör forstjóra**

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við forstjóra. Kjör hans skulu vera samkeppnishæf á alþjóðamarkaði. Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til forstjóra skal taka mið af menntun, reynslu og fyrri störfum. Tilgreina skal önnur starfskjör í ráðningarsamningnum, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest.

Við gerð ráðningarsamnings við forstjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Heimilt er þó við sérstök skilyrði að mati stjórnar að gera sérstakan starfslokasamning við starfslok forstjóra.

### **4. gr. Umbun til æðstu stjórnenda**

Forstjóra er heimilt að leggja fram tillögu fyrir stjórn og starfskjaranefnd félagsins um að umbuna æðstu stjórnendum til viðbótar grunnlaunum í formi afhendingar hluta, árangurstengdra greiðslna, hlutabréfa, kaupréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, lífeyrissamninga og starfslokasamninga.

Við ákvörðun um hvort veita skuli æðstu stjórnendum umbun til viðbótar grunnlaunum skal taka mið af stöðu, ábyrgð, frammistöðu og framtíðarmöguleikum viðkomandi stjórnanda innan félagsins.

### **5. gr. Upplýsingagjöf**

Á aðalfundi skal stjórn gera grein fyrir kjörum forstjóra, framkvæmdastjóra og stjórnarmanna. Upplýsa skal um heildarfjárhæð greiddra launa á árinu, greiðslur frá öðrum félögum í sömu fyrirtækjasamstæðu, fjárhæð kaupauka og kaupréttar, annars konar greiðslur sem tengjast hlutabréfum í félaginu, starfslokagreiðslur ef einhverjar eru, auk heildarfjárhæðar annarra greiðslna.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins

**6. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira**

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar.

Starfskjarastefnan er bindandi fyrir stjórn félagsins að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, sbr. 2. mgr. 79. gr. a. hlutafélagalaga. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess. Stjórn félagsins skal færa til bókar í fundargerðarbók veigamikil frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.